



Reykjavík 27. maí 2022

Niðurstaða athugunar á rekstraráhættu upplýsingakerfa TM trygginga hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf vettvangsathugun hjá TM tryggingum hf. (hér eftir TM eða félagið) í september 2021.

Markmið athugunarinnar var að fá yfirsýn yfir verklag og viðbúnað hvað varðar upplýsingatækni hjá félaginu. Könnuð var notkun TM á útvistunarþjónustu í tengslum við upplýsingatækni, viðbúnaðarumgjörð félagsins var skoðuð og einnig skýrslugjöf til stjórnar um rekstraráhættu tengda upplýsingatækni.

Við athugunina var fylgni við ákvæði laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi (vtsl.) könnuð og einnig litið til þess sem fram kemur í leiðbeinandi tilmælum 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila og leiðbeinandi tilmæla 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum. Þá voru jafnframt hafðar til hliðsjónar tvennar viðmiðunarreglur EIOPA.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í febrúar 2022. Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina gerði fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdir við félagið:

- Að viðbúnaðarumgjörð félagsins hafi verið ófullnægjandi, sbr. 5. mgr. 39. gr. vtsl. og ákvæði leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2019, og að hún hafi ekki verið tekin til formlegrar umræðu innan stjórnar félagsins.
 - Að upplýsingagjöf innan félagsins vegna fylgni við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019 hafi verið ófullnægjandi og að skýrsla innri endurskoðanda um fylgni við tilmælin hafi ekki fengið viðeigandi umfjöllun á vettvangi stjórnar.
- Að umgjörð TM vegna útvistunar mikilvægra upplýsingakerfa hafi, með hliðsjón af viðmiðunarreglum EIOPA um útvistun til skýjaþjónustuaðila, verið ófullnægjandi.
 - Að áhættumati vegna útvistunar á rekstri TM til Kviku hafi verið lokið eftir að útvistunarsamningur var gerður og því ekki í samræmi við viðmiðunarreglur EIOPA um útvistun til skýjaþjónustuaðila,
 - Að skjalfest verklag vegna eftirlits með útvistaðri þjónustu hafi ekki verið til staðar, sbr. 1. mgr. 39. gr. vtsl.
 - Að félagið hafi ekki skilað öllum gátlistum vegna innleiðingar skýjalausna, eins og farið er fram á í leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019. TM hefur brugðist við og telur fjármálaeftirlitið að úrbótum sé lokið.

- Að umfjöllun um rekstraráhættu í ársfjórðungslegri skýrslu áhættustýringar til stjórnar hafi verið ábótavant, með hliðsjón af 2. mgr. 39. gr. vtsl. og liðs 1.54 í viðmiðunarreglum EIOPA um stjórnkerfi váttryggingafélaga. TM hefur brugðist við og telur fjármálaeftirlitið að úrbótum sé lokið.
- Að stefnur félagsins sem snúa að rekstraráhættu hafi verið ófullnægjandi og ekki í fullu samræmi við 4. mgr. 39. gr. vtsl., 8. kafla leiðbeinandi tilmæla nr. 6/2014, lið 1.34 í viðmiðunarreglum EIOPA um stjórnkerfi váttryggingafélaga og lið 20 í viðmiðunarreglum EIOPA um útvistun til skýjaþjónustuaðila. TM hefur brugðist við og telur fjármálaeftirlitið að úrbótum sé lokið.